



MOSFELLSBÆR
VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSEKNI UMHYGGJA

Minnisblað til menningar- og lýðræðisnefndar Mosfellsbæjar

Efni: Menning í mars 2023

Dags: 3. febrúar 2023

Málsnúmer: 202301452/15.15

Málsmeðferð: Til umfjöllunar

Starfsmaður: Auður Halldórsdóttir, forstöðumaður bókasafns og menningarmála

Á fundi menningar- og lýðræðisnefndar þ. 26. janúar sl. fól nefndin forstöðumanni bókasafns og menningarmála að kanna hvort hægt væri að hrinda í framkvæmd verkefninu Menning í mars á árinu 2023 í samræmi við umræður á fundi.

Viðburðurinn Menning í mars snýst um að virkja íbúa Mosfellsbæjar, félagasamtök, fyrirtæki og stofnanir bæjarins til að bjóða upp á menningarviðburði í mars. Mosfellsbær kannar hvaða húsnæði og aðstöðu á vegum bæjarins hægt sé að nýta undir t.a.m námskeið, opnar vinnustofur og tónleika. Viðburðadagatal á heimasíðu Mosfellsbæjar, <https://mos.is/mannlif/vidburdir> yrði nýtt til að halda utan um viðburði og jafnframt stuðlaði Menning í mars að aukinni vitneskju bæjarbúa um tilvist viðburðadagatalsins. Nefndarmenn í menningar- og lýðræðisnefnd myndu leggja sitt af mörkum til kynningar á verkefninu.

Hér er um áhugaverða hugmynd að ræða að mati undirritaðrar. Lagt er til að Menning í mars fari fram með einföldu sniði í ár, með það að leiðarljósi að viðburðurinn dafni og vaxi um ókomin ár.

Virðingarfyllst,

Auður Halldórsdóttir

Forstöðumaður bókasafns og menningarmála